

Ný útskrifaðir nemendur

Skólameistari

Góðir Gestir

Nú er hátíð í bæ, eins og ágætur samstarfsmaður minn komst að orði. Hér situr fríður hópur, sem stendur á tímamótum. Afplánun í VA er lokið og ný verkefni taka við. Verkefnin eru eflaust fjölbreytt, einhverjir stefna á háskólanám, einhverjir stefna á að taka hlé frá námi, ferðalög um heiminn eru líklega ekki fýsilegur kostur í augnablikinu, þó að slíkt hafi oft verið ofarlega í huga fólks á svona tímamótum, en það lagast nú vonandi von bráðar.

En síðast en ekki síst er hér hópur sem er að ljúka námi til starfsréttinda og stefnir því ótrauður út á vinnumarkaðinn til að vinna við greinina sem þau hafa lagt stund á hér við skólann undanfarin ár.

Iðnnám, Verknám, Starfsnám eða hvað sem við viljum kalla það, er raunverulegur kostur þegar kemur að því að velja sér nám. Það að ljúka á 3 til 4 árum námi til starfsréttinda, sem oft á tíðum má fá metið á alþjóðavísu, er ekkert smáræði, og er þegar öllu er á botninn hvolft ekki síðri undirbúningur fyrir frekara nám en hið „hefðbundna“ (ef svo má segja) stúdentspróf. Svo ég tali nú ekki um núna eftir að á Alþingi voru samþykkt lög um það að jafna aðgengi að háskólanámi og að námslok á 3. hæfniprepi af starfsnámsbraut séu jafngild stúdentsprófi við inngöngu í háskóla.

Hvíta húfan er ekki allt, ég ætla samt ekkert að gera lítið úr henni, það er að sjálfsgöðu heilmikið afrek að fá hana á hausinn. En hins vegar hefur stundum verið viðkvæðið það að það sé eitthvað minna merkilegt að fá húfu í örðum lit.

Sá sem hér stendur sór þess eyð sem ungur drengur að eignast aldrei húfu í hvítum lit, en hefur þó vegnað ágætlega í lífinu, algjörlega kalt mat. Veit samt ekki hvort ákvörðun Verkmenntaskólans á Akureyri á sínum tíma, um að útskrifa mig sem stúdent, þvert á vilja minn hafi yfirleitt nokkuð með það að gera.

Allavegana er það mín ósk að við sem samfélag hættum að gera upp á milli námsleiða og lítum á allt nám og öll störf af þeirri viðringu sem þau verðskulda.

Staðreyndin er sú að ég sem deildarstjóri er í þeirri stöðu að síminn hringir hjá mér reglulega þar sem á hinum endanum eru atvinnurekendur sem eru að leita að rafvirkjum í vinnu. Það er hins vegar þannig að lang flestir sem stunda nám í greininni eru nú þegar komnir í vinnu, svo að atvinnuhorfurnar eru góðar og launin bara fín. Þannig að ef þið komist ekki í heimsreisuna sem þið voruð búin að hugsa ykkur, þá er nóg pláss í rafdeildinn og örugglega hinum verknámsdeildunum líka.

Við þetta tækifæri er ekki úr vegi að reyna að leggja ykkur einhverjar lífsreglur.

Langa langafi minn Friðrik Jónsson, oft nefndur Friðrik póstur orti  
eftirfarandi vísu

Heimsins brestur hjálparlið

hugur skerst af ergi.

Þegar mest ég þurfti við

þá voru flestir hvergi.

Þetta er ekki verra veganesti út í lífið en margt annað, nú veit ég ekki

hvort allir þeir sem hér sitja séu nógu gamlir til að kannast við

íslenska kvikmynd þar eftir farandi setning var gerð ódauðleg.

„Maður gerir ekki neitt fyrir neinn sem gerir ekki neitt fyrir neinn“

Mögulega má segja að þetta stangist svolítið á. En allavega það sem

ég ætlaði að segja er: Verum til staðar fyrir hvert annað, gerum hvert

öðru greiða, jafnvel þeim sem stökkva ekki endilega til að gera okkur

greiða, þeir átta sig kannski einn daginn og verða okkur innan handar

þegar á reynir.

Kæru útskriftarnemar, fyrir hönd starfsfólks Verkmenntaskóla

Austurlands óska ég ykkur alls hins besta og velgengni í hverju því

sem þið takið ykkur fyrir hendur. Við kveðjum ykkur mögulega með

tárum en ekki minna stolti yfir þeim árangri sem þið hafði náð hér á

undanförnum árum. Ef einhvern tíma væri tilefni til að skála ....

Takk fyrir!